

Ár 1995, miðvikudaginn 8. nóvember var í málinu nr. 10/1995 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 18. ágúst 1995, kærir Sævar Svavarsson framkvæmdastjóri Norma h.f. úrskurð Fasteignamats ríkisins, dags. 26. janúar 1994, vegna fasteignarinnar Skeiðarás við Arnarnesvog í Garðabæ.

Aðdraganda málsins má rekja til ársins 1992 er Normi h.f. kaupir umrædda fasteign af Iönláanasjóði, en eignin var áður í eigu Stálvíkur h.f. Með bréfi til Fasteignamats ríkisins, dags. 29. apríl 1993, fór Normi h.f. fram á endurmat eignarinnar til lækkunar, og bendir í bréfi sínu m.a. á kaupsamning sinn um eignina. Fasteignamat ríkisins varð við þessari beiðni og er úrskurður þess dagsettur 26. jan. 1994.

Með bréfi til Fasteignamats ríkisins, dags. 21. júlí 1995, óskar eigandi eftir upptöku á ofangreindum úrskurði stofhnunarinnar frá 26. jan. 1994. Þessum tilmælum hafnaði Fasteignamat ríkisins með bréfi 26. júlí 1995, en bendir eigandanum á heimild hans til að kæra endurmat til Yfirlasteignamatsnefndar með hliðsjón af 24. gr. laga nr. 94/1976.

Í 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er gildi tóku 1. janúar 1994 segir svo:

"Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg."

Í 28. gr. sömu laga segir enn fremur:

"Hafi kæra borist að liðnum kærufresti skal vísa henni frá, nema:


1. afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrr, eða
2. veigamiklar ástæður mæla með því að kæran verði tekin til meðferðar."

Kæru skal þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila."


Ljóst er að kærufrestur með hliðsjón af framansögðu var löngu um liðinn er kæra sú, er hér er til meðferðar, var fram borin. Ekki þykja heldur vera fyrir hendi þær "veigamiklu ástæður" er um getur í ofangreindri lagagrein. Ber því að vísa málinu frá nefndinni.

ÚRSKURÐARORD

Ofangreindri kæru er vísað frá Yfirlastaðarordnunni.



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon



Agnar Gústafsson